Reykjavíkurborg
Umhverfis- og skipulagssvið

Reykjavík, 28. apríl 2021
USK2021040088
5.15

Skipulags- og samgönguráð
Borgartúni 12 – 14
105 Reykjavík

Tillaga Vegagerðarinnar um lækkun hámarkshraða á Bústaðavegi.

Umhverfis- og skipulagssviði Reykjavíkurborgar hefur borist hjálögð tillaga Vegagerðarinnar, dags. 23. apríl sl., um lækkun á leyfilegum hámarkshraða úr 60 kílómetrum á klukkustund í 50 kílómetra á klukkustund, á Bústaðavegi milli stöðvar 0 á brú yfir Kringlumýrarbraut og vestur fyrir Kapellutorg að stöð 520.

Í samræmi við 3. mgr. 84. gr. umferðarlaga nr. 77/2019, skal hámarkshraði á þjóðvegum í þéttbýli ákveðinn af Vegagerðinni, að fengnu samþykki viðkomandi sveitarstjórnar og lögreglu. Með vísan til viðauka 1.1. um fullnaðarafgreiðslur skipulags- og samgönguráðs án staðfestingar borgarráðs við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar, er erindið framsent skipulags- og samgönguráði til afgreiðslu.

Með vísan til þeirra forsendna sem fram koma í erindinu, er lagt til að tillaga Vegagerðarinnar verði samþykkt.

Þorsteinn R. Hermannsson
samgöngustjóri

Hjálagt:
1. Erindi Vegagerðarinnar, dags. 23. apríl 2021, ásamt fylgiskjölum.

Reykjavíkurborg
thorsteinnrh@reykjavik.is / usk@reykjavik.is

Til samþykktar: Tillaga Vegagerðarinnar um lækkun hámarkshraða á Bústaðavegi 418-01

Með vísan til 84. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 varðandi „Sérákvæði um notkun vega, hraðamörk ofl." sendi ég undirritaður hér með til samþykktar hjá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu og Reykjavíkurborg tillögu vegaþjónustudeildar þjónustusviðs Vegagerðarinnar um lækkun hámarkshraða á Bústaðavegi 418-01. Sjá viðhengi. Um er að ræða lækkun hámarkshraða í 50 km/klst. frá stöð 0 á brú yfir Kringlumýrarbraut vestur fyrir Kapellutorg að stöð 520.

Tillagan er gerð að beiðni höfuðborgarsvæðis Vegagerðarinnar. Helstu rök fyrir lækkuninni eru eftirfarandi samkvæmt minnisblaði frá Hnit verkfræðistofu dags. 25.03.2021. Sjá viðhengi.

- Í dag er aðstæðum þannig háttað að hámarkshraði yfir brúna er mismunandi eftir því hvort ekið er til austurs eða vesturs og telur ráðgjafi eðlilegast að hafa sama hraða í báðar áttir, þ.e. 50 km/klst.
- Nú eru fyrirhugaðar framkvæmdir þar sem þversniði brúarinnar verður breytt. Akreinar og miðeyjur verða þrengdar til að stækka svæði fyrir gangandi og hjólandi yfir brúna. Nýjar breiddir miðast við 50 km/klst.
- Lækkun hámarkshraða minnkar umferðarhávaða, sem er mikilvægt þar sem þessi hluti vegarins er nálægt íbúðarhúsum.
- Það er gönguþverun á nv-rampa þar sem nú er 60 km/klst. Það er mikilvægt að lækka hraðann þar.
- Aukin umferð óvarinna vegfarenda sem þvera veg.

Það telst því nauðsynleg umferðaröryggisráðstöfun að lækka hámarkshraða á þessum kafla úr 60 km/klst. í 50 km/klst.

Svar óskast sent sem fyrst til undirritaðs.

Virðingarfyllst
f.h. Vegagerðarinnar
Guðmundur Ragnarsson
Verkefnisstjóri
Vegaþjónustudeild

Undirskrift

Vegagerðin
Borgartún 5–7
105 Reykjavík
+354 522 1000
vegagerdin.is

vegagerdin
@vegagerdin.is

Tillaga vegaþjónustudeildar þjónustusviðs Vegagerðarinnar um lækkun hámarkshraða á Bústaðavegi 418-01 frá stöð 0 á brú yfir Kringlumýrarbraut vestur fyrir Kapellutorg að stöð 520

Meðfylgjandi er tillaga vegaþjónustudeildar þjónustusviðs Vegagerðarinnar um lækkun hámarkshraða á Bústaðavegi 418-01frá brú yfir Kringlumýrarbraut vestur fyrir Kapellutorg. Um er að ræða lækkun hámarkshraða á nyrðri akreinum (umferð til vesturs) úr 60 km/klst. í 50 km/klst. frá stöð 0 á brú yfir Kringlumýrarbraut og að stöð 520 rétt vestan Kapellutorgs. Einnig á afrein til suðurs frá Kringlumýrarbraut upp á Bústaðaveg. Þá er lækkun á hámarkshraða úr 60 km/klst. í 50 km/klst. frá stöð 240 á syðri akreinum (umferð til austurs) að stöð 520 vestan Kapellutorgs. Þannig verður umferðarhraði á Bústaðavegi til beggja átta 50 km/klst. frá stöð 520 vestan Kapellutorgs austur að Reykjanesbraut.

Tillagan er gerð að beiðni höfuðborgarsvæðis Vegagerðarinnar. Helstu rök fyrir lækkuninni eru eftirfarandi samkvæmt minnisblaði frá Hnit verkfræðistofu dags. 25.03.2021. Sjá viðhengi.

- Í dag er aðstæðum þannig háttað að hámarkshraði yfir brúna er mismunandi eftir því hvort ekið er til austurs eða vesturs og telur ráðgjafi eðlilegast að hafa sama hraða í báðar áttir, þ.e. 50 km/klst.
- Nú eru fyrirhugaðar framkvæmdir þar sem þversniði brúarinnar verður breytt. Akreinar og miðeyjur verða þrengdar til að stækka svæði fyrir gangandi og hjólandi yfir brúna. Nýjar breiddir miðast við 50 km/klst.
- Lækkun hámarkshraða minnkar umferðarhávaða, sem er mikilvægt þar sem þessi hluti vegarins er nálægt íbúðarhúsum.
- Það er gönguþverun á nv-rampa þar sem nú er 60 km/klst. Það er mikilvægt að lækka hraðann þar.
- Aukin umferð óvarinna vegfarenda sem þvera veg.

Það telst því nauðsynleg umferðaröryggisráðstöfun að lækka hámarkshraða á þessum kafla úr 60 km/klst. í 50 km/klst.

Tillagan hefur fengið umfjöllun umferðardeildar og höfuðborgarsvæðis Vegagerðarinnar án athugasemda.

Þegar fyrir liggur samþykki framkvæmdastjóra þjónustusviðs Vegagerðarinnar verður þessi tillaga send viðkomandi sveitarfélagi og lögregluyfirvöldum til endanlegrar samþykktar.

Apríl 2021

Guðm. Ragnarsson

Guðmundur Ragnarsson
Verkefnastjóri
Vegaþjónustudeild


Mynd 1 Núverandi merkingar á svæðinu samkvæmt vettvangsskrá
60
60
60
50
60
60
50
80
418-01
40-01
(0000-038)

Mynd 1

Mynd 2 Merkingar á svæði eftir lækkun hámarkshraða á frárein af Kringlumýrarbraut og á Bústaðavegi frá stöð 0 að stöð 520
60
50
50
50
50
50
418-01
40-01

Mynd 2

Mynd 3 Frárein frá Kringlumýrarbraut að Bústaðavegi. Fjarlægja B26.60 og setja B26.50 einum staur ofar.

Mynd 4 Horft í vestur af brú yfir Kringlumýrarbraut. Skipta út B26.60 fyrir B26.50

Mynd 5 Horft til vesturs úr stöð 150 (eftir aðrein af Kringlumýrarbraut). Skipta B26.60 út fyrir B26.50

Mynd 6 Horft til austurs úr stöð 420. Skipta þarf út B26.60 fyrir B26.50

Mynd 7 Horft til austurs úr stöð 540. Ljósastaurar sem vísað er á eru í stöð ca. 520. B26.50 á ljósastaur til hægri. B26.60 á ljósastaur til vinstri.

Mynd 7 Til vesturs úr stöð 440. B26.60 á ljósastaur handan gatnamóta. Fjarlægja.

Umfjöllun umferðardeildar:

„Umferðardeild hefur yfirfarið tillöguna og telur hana til þess fallna að auka umferðaröryggi. Núverandi fyrirkomulag hraðamerkinga á þessum stað, þ.e. mismunandi hámarkshraði eftir því í hvora áttina er ekið, er mjög óeðlilegt og samræming algjörlega nauðsynleg".

Umfjöllun Höfuðborgarsvæðis:

„Höfuðborgarsvæði Vegagerðarinnar styður lækkun á leyfðum hámarkshraða, úr 60 km/klst. í 50 km/klst. á norðurrein Bústaðavegar þegar ekið er til vesturs, á þessum kafla. Höfuðborgarsvæði Vegagerðarinnar tekur undir þau rök að æskilegt er að hafa sama leyfða hámarkshraða í sama sniði, og að lækkaður leyfður hámarkshraði auki umferðaröryggi almennt, ekki síst fyrir gangandi- og hjólandi vegfarendur á stígakerfi við Bústaðaveg".

Samþykki framkvæmdastjóra þjónustusviðs Vegagerðarinnar:

Framkvæmdarstjóri Þjónustusviðs samþykkir tillögu um lækkun hámarkshraða á Bústaðavegi 418-01 frá stöð 0 vestur fyrir Kapellutorg að stöð 520. Tillagan er vel ígrunduð og til þess fallin að samræma hámarkshraða, auðveld vegfarendum að skynja og vita réttan hámarkshraða. Breytingin stuðlar að auknu umferðaröryggi.

Samþykkt er að senda tillöguna til sveitarfélagsins og lögreglu til endanlegrar samþykktar.

Minnisblað

Tilvísun: 19207-M-005

Viðtakandi: Rúna Ásmundsdóttir, Vegagerðin

Sendandi: Runólfur B. Sveinsson
Dags: 25.03.2021

Málefni: Lækkun hámarkshraða á brú á Bústaðavegi

Lagt er til að lækka hámarkshraða á brú á Bústaðavegi yfir Kringlumýrarbraut úr 60 km/klst í 50 km/klst í vesturátt. Helstu rök fyrir þessari breytingu eru:

- Í dag er aðstæðum þannig háttað að hámarkshraði yfir brúna er mismunandi eftir því hvort ekið er til austurs eða vesturs og telur ráðgjafi eðlilegast að hafa sama hraða í báðar áttir, þ.e. 50 km/klst.
- Nú eru fyrirhugaðar framkvæmdir þar sem þversniði brúarinnar verður breytt. Akreinar og miðeyjur verða þrengdar til að stækka svæði fyrir gangandi og hjólandi yfir brúnna. Nýjar breiddir miðast við 50 km/klst.
- Lækkun hámarkshraða minnkar umferðarhávaða, sem er mikilvægt þar sem þessi hluti vegarins er nálægt húsum.
- Það er gönguþverun á nv-rampa þar sem nú er 60 km/klst. Það er mikilvægt að lækka hraðann þar.
- Aukin umferð óvarinna vegfarenda sem þvera veg.

Virðingarfyllst,
Runólfur B. Sveinsson